

## Fálkasetur

9. fundur stjórnar 29. ágúst 2012 kl. 13 í húsi Þekkingarnets Þingeyinga

Mættir: Aðalsteinn, Hjörleifur, Sverrir, Ari Páll, Halldór.

Eftirfarandi málefni voru rædd:

### 1. Heimasíðan.

Hjörleifur greindi frá stöðu mála. Blokkin ætlar að ljúka vinnu við síðuna fljótlega. Stefnt er að því að opna hana með formlegum hætti í október á fræðslufundi sem setrið ætlar að standa fyrir. Þar sem ekki hafa fengist styrkir til að halda áfram frekari vinnu við síðuna var ritnefnd stjórnar falið að halda utan um hana og uppfæra eftir hentugleikum. Ari Páll kann á innsetningu í þessu kerfi og ætlar að vera ritnefnd innan handar með það.

### 2. Umsókn um styrki.

Hjörleifur sendir Vinum Vatnajökuls skýrslu um vinnu við heimasíðuna og sækir um styrk til að koma upp sýningu í Gljúfrastofu. Rætt um að kann vilja og kostnað við að fá Sigprúði Stellu og hönnuði Gljúfrastofu til að gera sýningu sem falli vel að rýminu sem stendur til boða í Gljúfrastofu.

Rætt um að sækja um styrki í fleiri sjóði.

### 3. Fræðsla.

Sverrir og Aðalsteinn fræddu landverði um fálkann og lífnaðarhætti hans s.l. vor og í kjölfarið voru farnar 8 gönguferðir með landvörðum í Þjóðgarðinum. Þátttaka var mismikil og lítið um varp að þessu sinni en stjórnarmenn voru sammála að bjóða upp á svipaða dagskrá næsta sumar. Stefnt að fræðslufundi 11.-12. október n.k. þar sem erindi verða haldin um rjúpu, fálka og Theodór Gunnlaugsson. Aðalsteini falið að hafa samband við Ólaf Nielsen.

Næsti stjórnarfundur 13. september kl. 9

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halldór Valdimarsson